

ÍPRÓTTIR

Ípróttir mbl.is **Petrúnella Skúladóttir** Reyndasti leikmaður Grindavíkurlíðsins sem er komið í úrslitakeppni Íslandsmótsins í körfubolta. Drifjöður í liðinu, fær samherjana til að rífa sig upp og gerir miklar kröfur á sjálfa sig. **4**



ÍPRÓTTA- MAÐUR DAGSINS

● **Ellert Sölvason** spilaði sinn síðasta landsleik í Árósum árið 1949 þegar Ísland sótti Danmörku í fyrsta sinn heim í A-landsleik karla í knattspyrnu.
● Ellert fæddist 1917 og var þekktastur sem „Lolli í Val“ en hann lék allan sinn feril með Valsmönnum, til ársins 1951, og varð sjö sinnum Íslandsmeistari með liðinu, þar sem hann var lengst af í stóru hlutverki. Hann var markahæsti leikmaður Íslandsmótsins árið 1942. Ellert lék fjóra fyrstu landsleiki Íslands á árunum 1946 til 1949. Hann lést árið 2002.

Sara nærri því að jafna



Sara Björk Gunnarsdóttir og samherjar hennar í sænska meistaramótinu Rosengård voru óþveppnar að tapa 0:1 fyrir Evrópumeisturum Frankfurt á heimavelli í átta liða úrslitum

Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu í gærkvöld. Dzenifer Marozán skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnu á 71. mínútu.

Rosengård var sterkari aðilinn lengst af og litlu munaði að Sara jafnaði undir lokin þegar bjargað var á marklínu eftir skalla hennar.

Rosengård varð fyrir áfalli eftir tíu mínútna leik þegar markvörðurinn Erin McLeod fór meðid af velli. Seinni leikur liðanna fer fram í Frankfurt næsta miðvikudag. vs@mbl.is

Löglegur með landsliðinu



Robbie Sigurðsson, leikmaður SR, hefur fengið leikheimild með íslenska landsliðinu í íshokki. Hefur hann verið valinn í æfingahópinn fyrir 2. deild heimsmeistaramótsins en Ísland leikur á

Spáni í apríl.

Robbie á íslenskan föður en er fæddur í Bandaríkjunum 1993 og ólst þar upp. Reglur alþjóða íshokkisambandsins kveða á um að leikmaður þurfi að hafa leikið í tvö ár samfleytt í deildakeppni í landi þess landsliðs sem hann sækir um að leika fyrir. Robbie hefur nú leikið síðustu tvö tímabil með SR. Hann lék einnig með liðinu tímabilið 2011-2012 en lék í millitíðinni í Bandaríkjunum. kris@mbl.is

„Stórt og gott skref“

- Rúnar Arnórsson leyfði sér að hugsa um skorið á hringnum sögulega
- Skólamet sem athygli vekur í Minnesota ● Áhugaverð tölfræði

GOLF

Kristján Jónsson kris@mbl.is



„Strákarnir sem ég keppi við hérna úti eru allt frábærir kylfingarnir og því er það stórt og gott skref að vinna háskólamót,“ sagði Rúnar Arnórsson, úr Keili, þegar Morgunblaðið sló á þráðinn til hans í gær. Hann var þá búinn að sinna tveimur víðtölum þar ytra, annars vegar við dagblað á svæðinu og hins vegar við vefsíðu skólans. Rúnar sigraði í fyrsta skipti á móti í háskólagolfinu í Bandaríkjunum á þriðjudagskvöldið en hann er á öðru ári í University of Minnesota.

Peir eru orðnir nokkrir íslensku kylfingarnir sem unnið hafa háskólamót í gegnum tíðina en verulega hefur fjölgað í þeim hópi síðustu fimm árin eða svo. Systir Rúnars, Sigrún Arnórsdóttir, sigraði á móti árið 2010 og var fyrst íslenskra kvenna til að afreka það eftir því sem Morgunblaðið kemst næst.

Í tilfelli Rúnars vekur fyrsti hringur hans í mótinu mesta athygli og ekki að ástæðulausu. Rúnar fór hamförum á Barona Creek-vellinum í Kaliforníu og lék hann á 62 höggum sem er tíu höggum undir pari.

Skólametid orðið 17 ára

Ekki veit Morgunblaðið til þess að fleiri Íslendingar en Örn Ævar Hjartarson hafi leikið á betra skori í



Ljósmynd/GSÍ

62 Rúnar hitti 16 flatir af 18 í tilskildum högggjöldum á methringnum.

móti erlendis en hann lék á 60 höggum á New Course-vellinum í St. Andrews í St. Andrews Links Trophy-mótinu. Frammistaðan er merkileg í því ljósi en auk þess er um skólamet að ræða.

„Þegar þú nefnir þetta þá hugsar

maður fyrst út í hver sé númer eitt og ég held að flestir afrekskylfingar á Íslandi þekki afrek Arnar Ævars. Auðvitað er gaman að heyra þetta og vita til þess að maður hafi skrifað nafn sitt á einhvern stað þar sem hægt verði að finna það í framtíð-

inni. Einnig er skemmtilegt að setja skólamet en það var sett árið 1999 og er því orðið sautján ára gamalt. Auk þess sýnir þetta hvers ég er megnugur á golfvelli og gefur vísbendingu um hvar ég stend í golfinu. Í golfinu leggur maður mikla vinnu í æfingar og maður getur ekki horft á annað en skorið sem maður skilar inn sem viðmið,“ sagði Rúnar.

Fyrri 9 á 29 höggum

Rúnar segist hafa verið ágætlega meðvitaður um skorið meðan á hringnum stóð og þannig sé því yfirleitt háttáð hjá honum. Hann segist þó ekki hafa fundið fyrir miklu stressi þótt skorið eftir fyrri 9 holurnar hafi sýnt 29 högg.

„Ég er yfirleitt mjög efins þegar kylfingar segjast ekki vita á hvaða skori þeir eru því sjálfur veit ég oftast á hvaða skori ég er, eða kemst alla vega mjög nálægt því. Ég var fjögur högg undir pari eftir fimm holur og sex undir eftir níu. Eins og stundum gerist þegar vel gengur þá þurfti ég ekki að þvinga fram góð högg. Ég átti oft vegalengdir eftir inn á flöt sem henta mér vel og þegar uppi var staðið hitti ég sextán flatir af átján í tilskildum högggjöldum. Auk þess hitti ég flestar ef ekki allar brautirnar af teig. Ég vissi að ég væri undir 30 eftir níu holur og leyfði mér að hugsa um það. Minnti bara sjálfan mig á að einbeita mér alltaf að næsta höggi,“ sagði Rúnar ennfremur við Morgunblaðið.

Erfiðasti mótherjinn í sögunni

- Kemur fyrsti sigurinn í 23. tilraun í Herning?

Ísland og Danmörk mætast í 23. skipti í A-landsleik karla í knattspyrnu í kvöld en þjóðirnar eigast þá við í Herning á Jótlandi.

Saga viðureigna þjóðanna í milli er jafngömul landsliðssögu Íslands því fyrsti leikurinn í sögu íslenska landsliðsins var einmitt gegn Dönunum á Melavellinum árið 1946. Danir sigruðu 3:0 og hafa allt frá þeim tíma verið erfiðasti andstæðingur Íslands á knattspyrnuvelli.

Af 22 viðureignum þjóðanna hefur Ísland nefnilega ekki unnið eina einustu. Fjórðum sinnum hafa þær gert jafntefli en 18 sinnum hafa Danir fagnað sigri. Stundum stórsigri en aldrei þó eins og árið 1967 þegar þeir unnu 14:2 í Kaupmannahöfn. Markatalan er 71:13, Dönunum í hag, en þeir hafa tvisvar skorad sex

mörk gegn Íslandi og tvisvar fimm.

Sex síðustu leikir þjóðanna hafa endað með dönskum sigri. Sá tæpasti af þeim var á Parken í Kaupmannahöfn í september 2010 en Danir unnu þá 1:0 á marki í upp-bótartíma.

Þá voru Aron Einar Gunnarsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Jóhann Berg Guðmundsson allir ungir leikmenn með örfáa landsleiki að baki í byrjunarliði Íslands, Birkir Már Sævarsson var hægri bakvörður og þeir Kolbeinn Sigþórsson og Birkir Bjarnason komu inn á sem varmenn.

Þessir leikmenn eru allir í stórum hlutverkum í dag og spila eflaust allir í Herning í kvöld en leikurinn hefst klukkan 19 að íslenskum tíma.

Nú eru Danir í því óvenjulega hlutverki að vera ekki á leið á stórmót og mæta Íslandi sem er á leið á EM í Frakklandi. Áge Hareide stýrir Dönunum í fyrsta sinn í kvöld en hann tók við af Morten Olsen um áramótin. vs@mbl.is



Ljósmynd/Gísli Baldur

Parken Gylfi Þór Sigurðsson með boltann í ósigrinum nauma gegn Dönunum fyrir sex árum.

Óvissa með ferilinn hjá Maríu

María Þórisdóttir, landsliðskona Noregs í knattspyrnu, hefur ekki getað spilað síðan hún meiddist á fræti í ágúst. María fékk þær fréttir frá læknum í gær að hún gæti þurft að leggja skóna á hilluna, fengi hún ekki rétta meðferð.

Jón Páll Palmason, sem þjálfar Maríu hjá úrvalsdeildarliðinu Klepp, sagði við Morgunblaðið í gær að búið væri að senda hana sérfræðinga á milli og stöðugt væru að koma nýjar greiningar.

„Ég trúir því ekki að ferlinum sé lokið en þetta virðast vera sjaldgæf meiðsl. Liðband slitnaði þegar stigið var á ristina á henni og svo fékk hún beinmar. Þetta hefur verið erfiður tími en hún hefur í raun verið á spinninghjólunum í hálf ár og æft mjög vel. En um leið og hún reynir að skokka, kemur bakslag,“ sagði Jón Páll um íslenska Norðmanninn í liði sínu. vs@mbl.is

Körfubolti kvenna: Leikmaður umferðarinnar

BAKVÖRÐUR

Guðmundur Hilmarsson
gummih@mbl.is

Að nálgast sitt besta form

● Petrúnella Skúladóttir er mikil driffjöður í liði Grindavíkur sem er komið í úrslitakeppnina ● Hún gerir miklar kröfur á sjálfan sig, segir Daníel Þjálfari

28. UMFERÐ

Guðmundur Hilmarsson
gummih@mbl.is

Petrúnella Skúladóttir lagði svo sannarlega sitt af mörkum með liði Grindavíkur þegar það hafði betur gegn grönnum sínum í Keflavík í baráttu liðanna um fjórða sætið í Dominos-deild kvenna í körfuknattleik og þar með sæti í úrslitakeppninni. Petrúnella skoraði 16 stig og tók 2 fráköst í 84:77 sigri Grindavíkinga og hún er leikmaður 28. og lokaumferðarinnar í deildinni.

„Hún er okkar reynslumesti leikmaður og hefur verið einn besti leikmaðurinn í deildinni undanfarin ár,“ sagði Daníel Guðni Guðmundsson, þjálfari Grindavíkinga, við Morgunblaðið þegar hann var beðinn um að lýsa Petrúnellu.

Petrúnella er 30 ára gömul og leikur í stöðu framherja. Hún hefur leikið allan sinn feril með Grindavík fyrir utan tímabilið 2011-12 þegar hún lék með Njarðvík. Þá hefur hún átt fast sæti í íslenska landsliðinu undanfarin ár og hefur þar verið öflugur liðsmaður sem leggur sig ávallt vel fram.

Lenti í erfiðum höfuðmeiðslum

„Petrúnella lenti í erfiðum höfuðmeiðslum í haust og var lengi frá



Morgunblaðið/Ómar

Ákveðin Petrúnella Skúladóttir hefur um árabíl verið í stóru hlutverki í liði Grindavíkinga og spilað um tvö hundruð leiki með því í efstu deild.

en á undanförunum vikum hefur verið mikil stígandi í hennar leik og hún er nálgast sitt allra besta form.

Það munar miklu fyrir okkur að geta nýtt hennar krafta bæði í sókn og vörn. Þó svo að skotin séu ekki

alltaf að detta niður hjá henni er alltaf hægt að treysta því að hún skili góðum varnarleik. Hún gerir miklar kröfur á sjálfa sig til þess að ná árangri og er mikil driffjöður í okkar liði,“ segir Þjálfarinn Daníel Guðni við Morgunblaðið.

Gott að geta leitað til hennar

Í leikjunum 19 sem Petrúnella hefur spilað með Grindavíkingum í deildinni hefur hún skorað 10,1 stig að meðaltali, tekið 3,2 fráköst og hefur átt 2 stóðsendingar.

„Reynsla hennar nýtist liðinu afar vel og stelpurnar hlusta á hana og fylgja hennar fordæmi. Þegar hún á sína bestu leiki og gefur sig alla í leikina þá fylgja hinar með. Hún hefur þann eiginleika að fá samherja sína til að rífa sig upp þegar á móti blæs. Það er gott að geta leitað til hennar þegar hlutirnir eru ekki að ganga alveg eins og þeir eiga að gera. Hún hefur gegnt fyrirlíðastöðunni undanfarin ár og er núna varafyrirlíði. Hún þekkir körfuboltaþróttina út og inn og er bara virkilega mikilvægur hlekkur í Grindavíkurlíðinu,“ sagði Daníel Guðni en Grindavík mætir deildarmeisturum Hauka í úrslitakeppninni en í hinni viðureigninni eigast við Íslands- og bikarmeistarar Snæfells og Valur.

Leikur karlalandsliðsins í knattspyrnu gegn Dönum í Herning í kvöld markar upphafið að lokaundirbúningi liðsins fyrir Evrópumótið í Frakklandi í sumar og er fyrsta „genaralprufan“ hjá Heimi, Lars og lærisveinum þeirra áður en þeir stíga inn á stóra sviðið þegar þeir mæta Portúgölum í fyrsta leiknum í Saint-Étienne þann 14. júní.

Það eru leikmenn í hópnum sem eru berjast fyrir því að komast í lokahópin og leikurinn í kvöld og eins leikurinn á móti Gríkkjum á þriðjudaginn getur ráðið úrslitum hvort þeir hljóti náð fyrir augum landsliðsþjálfaranna eða ekki.

Sverrir Ingi Ingason, Hörður Björgvin Magnússon, Hjörtur Hermannsson, Ógmundur Kristinsson, Ingvar Jónsson, Ólafur Ingi Skúlason og Arnór Ingi Traustason eru í hópnum í þessum leikjum en þetta eru allt strákarnir sem eru að berjast fyrir því að fá farseðilinn á EM.

Vonandi fá strákarnir okkar fljúgandi start í þessum lokaundirbúningi og fara með sigur af hólmi á móti Dönum og skrifa þar með nýjan kafla í sögu landsliðsins. Staðreyndin er nefnilega sú að Íslendingar hafa aldrei fagnað sigri gegn gömlu herraþjóðinni en leikurinn í kvöld er sá 23. í röðinni.

100.000 kr
kynningarafsláttur í mars!

Jötunn kynnir GOES fjórhjól á Íslandi

Goer er franskt fyrirtæki stofnað af nokkrum fyrrverandi lykilstjórnendum evrópudeildar Bombardier árið 2005. Frá upphafi hefur áherslan verið lögð á framleiðslu einfaldra og vandaðra vinnuhjóla og eru hjólin í dag seld í 15 Evrópulöndum og framleiðslan er í allt um 4000 hjól á ári.



GOES 520

Kr. 1.339.000
Kr. 1.239.000
með vsk

- Driflæsing framan, sjálfstæð afturfjöðrun, spil og stálfelgur.
- Lengd: 2120 mm
- Þyngd: 313 kg
- Vél: 493 cc
- 4x4 / 4x2
- Stillanlegir demparar
- Raflettistýri
- Diskabremsur framan og aftan
- Dekk framan: 25x8x12"
- Dekk aftan: 25x10x12"
- 12" stálfelgur
- Bensíntankur: 19L
- Litur: Svartur

Verð án vsk. á kynningartilboði:
GOES 520 Kr. 999.254,- án vsk.



GOES 520 LTD

Kr. 1.397.000
Kr. 1.297.000
með vsk

- Driflæsing, sjálfstæð fjöðrun, spil og álfelgur.
- Lengd: 2320 mm
- Þyngd: 323 kg
- Vél: 493 cc
- 4x4 / 4x2
- Stillanlegir demparar.
- Raflettistýri
- Diskabremsur framan og aftan
- Dekk framan: 25x8x12"
- Dekk aftan: 25x10x12"
- Álfelgur 12"
- LCD skjár
- Bensíntankur: 19L
- Litur: Grár

Verð án vsk. á kynningartilboði:
GOES 520 LTD Kr. 1.046.031,- án vsk.



GOES 625i

Kr. 1.590.000
Kr. 1.490.000
með vsk

- Driflæsing, sjálfstæð fjöðrun, spil og álfelgur.
- Lengd: 2300 mm
- Þyngd: 352 kg
- Vél: 594 cc
- 4x4 / 4x2
- Stillanlegir gasdemparar framan og aftan.
- Diskabremsur framan og aftan
- Dekk framan: 25x8x14"
- Dekk aftan: 25x10x14"
- Álfelgur 14"
- LCD skjár
- Bensíntankur: 19L
- Litur: Hvítur

Verð án vsk. á kynningartilboði:
GOES 625i Kr. 1.201.685,- án vsk.

Hafðu samband við okkur í síma 480 0400 fyrir frekari upplýsingar



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is